

Vogar 14.október 2008

Fundur með Skólastjórnendum.

Eftirfarandi mættir: Linda aðstoðarskólastjóri, Siggi, Jóngeir, Vala, Maggi og Sigga.

Ákveðið var að hafa jólaföndur fyrir alla árganga 1.-10. bekk laugardaginn 29.nóvember frá kl.11-13.

Nemendum í 7.bekk verði boðið (eins og í fyrra) að sjá um sölu á kaffi og meðlæti til fjáröflunar fyrir árlega ferð þeirra á Reyki í Hrútafirði.

Foreldraröltið rætt, listarnir fara frá Völu á næstu dögum, einnig verður sendur tölvupóstur á foreldra barna í 5.-10. Bekk. Linda kemur listunum í töskupóst og áframsendir á Mentor.

Ræddum leikhúsferðir sem henta öllum árgöngum, mikill áhugi fyrir Kardimommubænum sem verður frumsýndur í febrúar nk., sú sýning hentar líklega nemendum í 1.-6. bekk. Stefnum á að fara í mars 2009, lagt til að athuga með sýningu laugardaginn 7.mars 2009.

Leggjumst öll á eitt í að finna sýningu sem hentar 7.-10.bekk, líklega best að fá sýningu sem sýnd væri á skólatíma og sem hefur boðskap sem hentar þessum árgöngum, við ákveðum það í samvinnu við skólastjórnendur þar sem skólinn hefur svigrúm til að koma til móts við foreldrafélagið varðandi kostnað á sýningu, lagt til að athuga með sýningu sem sýnd væri í Tjarnarsalnum 6/3, 13/3 eða 19/3.

Upplýstum Lindu um að við í stjórn félagsins skiptum bekkjunum á milli okkar og hringjum í þá foreldra (bekkjarfulltrúa) sem eiga að sjá um hvert tímabil fyrir hvern bekk, foreldrar virðast taka því vel að þau séu minnt á.

Siggi athugar með að fá KK og Ellen til okkar með jólatónleika í desember, tímasetning skýrist síðar, einnig hvað það kostar félagið, algjör snilld að fá þau til að vera með tónleika í Tjarnarsalnum.

Ákveðið að hittast næst fimmtudaginn 13.nóvember kl.17.

Fundi slitið kl.18.

Vogum 14.janúar 2009

Mættir eru Maggi, Jóngeir, Siggi, Vala og Siggi